

VIÐAUKI VIÐ SKÝRSLU TILNEFNINGARNEFNDAR REITA FASTEIGNAFÉLAGS HF. TIL AÐALFUNDAR 2026

Skýrsla Tilnefningarnefndar Reita fasteignafélags hf. (Reita) var birt 3. mars s.l. þar sem nefndin lagði til að eftirtalin yrðu kjörin í stjórn Reita á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 25. mars 2026:

- Anna Kristín Pálsdóttir
- Árni Sigurjónsson
- Elín Árnadóttir
- Guðmundur Ingi Jónsson
- Kristinn Albertsson

Eftir birtingu skýrslunnar dró Guðmundur Ingi Jónsson framboð sitt til baka og leggur nefndin til, að í stað Guðmundar Inga, verði Davíð Þorláksson kjörinn í stjórn Reita á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 25. mars 2026. Við mat sitt horfði nefndin sérstaklega til samsetningar stjórnar. Eftirfarandi eru upplýsingar um Davíð:

Davíð Þorláksson:

Hann er fæddur árið 1980 og hefur ekki áður átt sæti í stjórn Reita. Davíð lauk embættisprófi í lögfræði (Cand.jur) frá Háskóla Íslands árið 2006 og MBA (Master of Business Administration) prófi frá London Business School 2016. Hann er framkvæmdastjóri Almenningsgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. (ASHB), sem voru stofnaðar 1. september 2025 og munu 1. júlí 2026 taka við rekstri almenningsgangna á svæðinu, strætisvagna og Borgarlínunnar, þegar hún hefur akstur 2031. Áður var Davíð framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf., sem er eigandi og þróunaraðili Keldnlands þar sem gert er ráð fyrir að rísi um 12.000 manna byggð og atvinnuhúsnæði sem rúmi um 6.000 störf. Hann var forstöðumaður hjá Samtökum atvinnulífsins og yfirlögfræðingur Icelandair Group og samhliða því framkvæmdastjóri fasteignafélaganna Lindarvatns ehf., eiganda Landssímareits, og Hljómalindarreits ehf. Hann var einnig

yfirlögfræðingur Askar Capital og lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands. Hann situr í Háskólaráði Háskóla Íslands, var stjórnarformaður Virk starfsendurhæfingarsjóðs, sat í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna (nú Menntasjóðs námsmanna) og Kanadísk-íslenska viðskiptaráðsins og hefur setið í stjórn og verið formaður fjölda félaga, samtaka og nefnda. Viðtæk reynsla Davíðs af stjórnun, fasteignapróun og -rekstri og skipulags- og samgöngumálum er talin til þess fallin að styrkja stjórn Reita til framtíðar.

Nafn: Davíð Þorláksson, kt. 160980-5679

Önnur stjórnarstörf: Háskólaráð Háskóla Íslands.

Hlutfjáreign í Reitum: 0 hlutir

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila félagsins, helstu samkeppnisaðila félagsins og/eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu eru engin og frambjóðandi lýsir því yfir að hann telur sig óháðan félaginu samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Tilnefningarnefnd Reita fasteignafélags hf.

16. mars 2026

Auður Ósk Þórisdóttir

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Hilmar Garðar Hjaltason

(sjá rafrænar undirritanir neðst í skjali)